

✉ Re: Ósk um umsögn vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi - Vatnsveitan Veitna í Reykholtssdal

Búið til	19.12.2022 15:26:10
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	19.12.2022 15:26:09
Tilheyrir	📁 202212-0016 - Ósk um umsögn vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi - Vatnsveitan Veitna í Reykholtssdal

Efni

Re: Ósk um umsögn vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi - Vatnsveitan Veitna í Reykholtssdal

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	19.12.2022 15:26:09	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Sigrun.Tomasdottir@or.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Komdu sæl,
Tilvísun í mál nr. 202212-0016.

Vísað er í tölvubréf frá Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 9. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda Veitna við vatnsból við Rauðsgil í Reykholtssdal.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með umsagnarbeiðninni og gerir ekki athugasemdir við að framkvæmdaleyfi sé veitt að því gegnu að fylgt er ráðleggingum Hafrannsóknarstofnunar og almennt hugað vel að frágangi og að forðast allt óþarfa rask, enda um svæði á gildandi náttúruminjaskrá að ræða.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



From: "Sigrún Tómasdóttir" <Sigrun.Tomasdottir@or.is>
To: "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
CC: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
Subject: Ósk um umsögn vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi - Vatnsveitan Veitna í Reykholtssdal
Date: 9.12.2022 13:05:10

Sæll Snorri,

Ég sendi þennan póst á þig sem sviðsstjóra náttúruverndar en bið þig um að áframsenda hann á þann aðila sem við á ef þessi fyrirspurn á ekki heima hjá þér. Ég set almenna netfang stofnunarinnar einnig í cc.


Við hjá Veitum erum í því ferli að sækja um framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda á áreyri við Rauðsgil í Reykholtssdal þar sem við rekum vatnsból. Þar sem áin er á náttúruminjaskrá skal skv. 3 msg. 37 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar og viðeigandi náttúruverndarnefndar. Viljum við því hér með óska eftir umsögn ykkar um þessa framkvæmd. Við erum einnig í því ferli að sækja um leyfi frá Fiskistofu (með umsögnum frá Hafrannsóknarstofnun og viðkomandi veiðifélagi) og í samráði við Heilbrigðiseftilit Vesturlands vegna framkvæmda innan vatnsverndarsvæðis.

Hér fyrir neðan er lýsing á framkvæmdinni og tilurð hennar. Við værum mjög þakklát fyrir skjót svör við þessu erindi til þess að unnt væri að hefja framkvæmdir sem fyrst þannig að hægt sé að tryggja afhendingaröryggi í veitunni í vetur.

Veitur reka vatnsból á áreyrum árinna Rauðsgils í Reykholtssdal og er vatni veitt frá vatnsbólínu að Reykholti, Deildartungu, Kleppjárnsreykjum og nokkrum lögbýlum á svæðinu. Notkun hefur aukist á svæðinu undanfarið ár m.a. með tilkomu baðstaðar í veitunni og voru nýjar holur boraðar á svæðinu árið 2017 til viðbótar við brunn með drengurði sem fyrir var. Afkastageta síðan 2017 hefur almennt verið með ágætum en þó hefur þess orðið vart að vatnsstaða lækki í brunninum í langvarandi þurrkum eða frostaköflum. Það hefur þó ekki haft áhrif á rekstur veitunnar. Undanfarið hefur hins vegar orðið breyting á þessu. Vatnsstaða hefur lækkað verulega í bæði brunni og borholum og metum við stöðuna varhugaverða og óvíst hvernig þróun muni verða næstu mánuði þegar frost eykst. Nægt vatn er í ánni en hugsanlegt er að grunnstingull í henni undanfarið hafi takmarkað írennsli í áreyrina og þannig til vatnsbólins. Við góða vatnsstöðu er vatnsborð í holum og brunni sambærilegt við vatnsyfirborð árinna en við lága vatnstöðu liggur vatnsborð í ánni ofar en inni í eyrinni þar sem holurnar eru staðsettar. Til þess að auka írennslið aftur og tryggja vatnsgæfni vatnsbólins í vetur hafa Veitur hug á að grafa skurð og safnþró í áreyrina (sjá grófa staðsetningu framkvæmdasvæðis á mynd 1, tillögu að framkvæmd á korti á mynd 2 og mynd af staðháttum á mynd 3).



Mynd 1 Gróf staðsetning framkvæmdasvæðis.



Mynd 2 Tillaga að útfærslu aðrennslisleiðar og safnþróar á áreyrinni sýnd á korti ásamt staðsetningu brunns og borholna.

Markmið með þessu væri að búa til dýpri farveg sem myndi geyma vatn og myndi síður botnfrjósa en árfarvegurinn sjálfur. Landeigendendur hafa gefið leyfi fyrir framkvæmdinni, svo fremi sem önnur leyfi fáist, sé þess gætt að gengið sé vel um og að ekki verði skildir eftir efnishaugar sem breyta ásýnd. Einnig óskuðu landeigendur eftir því að hluti þess efnis sem upp kæmi yrði nýttur til að fylla í kíl í landi Rauðsgils.

Mynd 3 Ljósmynd af svæðinu þar sem sjá má mögulega staðsetningu safnþró á áreyrinni og staðsetningu brunns og borholna.

Það er Veitum mikið í mun að vel takist til og að ekkert gerist í framkvæmdinni sem ógnað gæti vatnsbólínu eða lífríkinu í ánni. Yrðu tæki sem kæmu að verkinu lekaskoðuð fyrir framkvæmdina og fyllsta öryggis gætt. Framburður úr ánni mun með tímanum fylla upp í safnþróna og er því ekki um varanlega aðgerð að ræða.

Til upplýsinga set ég í viðhengi umsögn frá Hafrannsóknarstofnun og álit Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Kær kveðja / Best Regards,

Sigrún Tómasdóttir

Sérfræðingur í jarðvísindum / Geoscientist

Sími / Tel: +354 516 6100 | Farsími / Mobile: +354 6176997 | Netfang / E-mail: Sigrun.Tomasdottir@or.is

Orkuveita Reykjavíkur / Reykjavik Energy | www.or.is

 Tilkynningar (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Ffarsskyrsla2021.or.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C34f840d56904438892ba08dad9e5dec2%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638061879104944213%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikh1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=yCCWEWAt36xrsJDqwnLqSVOYdnpjRlmgFHB9LBUwdpl%3D&reserved=0>)

Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.or.is/fyrirvaridisclaimer>